

Ágæti nemandi

Það er ánægjuefni að geta með þessu bréfi tilkynnt að þú hefur hlotið skólavist við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu á vorönn 2019. Jafnframt birtast hér mikilvægar upplýsingar sem þú skalt kynna þér vel.

Sendur verður út greiðsluseðill í upphafi vorannar vegna innheimtu skólagjalda sem eru að hámarki 30.000 krónur. Þar af eru 6.000 kr. skráningargjald og 12.000 kr. fjarnámsgjald fyrir fyrsta áfanga og 12.000 kr. fyrir annan áfanga. Skólagjöld eru ekki endurgreidd.

Meðfylgjandi eru leiðbeiningar um það hvar þú ferð inn á [Innu](#), sem er upplýsingavefur framhaldsskóla. Í Innu getur þú séð yfirlit yfir áfanga sem hafa verið skráðir á þig á vorönn 2019. Þú skalt skoða val þitt í Innu og athuga hvort allt sé þar rétt og í samræmi við óskir þínar. Einhverjar breytingar kunna að verða á skráningu í áfanga ef forsendur breytast. Nemendur geta breytt áfangaskráningu til 9. janúar í samráði við umsjónarkennara. **Vakin er sérstök athygli á því að áfangaskráning nemenda verður ekki frágengin fyrr en stundatafla birtist í Innu í lok desember.**

Rafræn samskipti fara fram í gegnum Office 365. Allir nemendur FAS hafa aðgang að Office pakkanum og hann á að nota í allri vinnu nemenda við skólann. Í þeim pakka er tölvupóstur í Outlook, ritvinnsla í Word, töflureiknir í Excel, samskiptasvæðið Yammer og fleira. Nemendur fá FAS-netfang og munu kennarar eingöngu nota það í samskiptum við nemendur. Einnig er gagnageymslusvæðið OneDrive og ætlast er til að nemendur geymi gögnin sín tengd náminu í því. Upplýsingar um [uppsetningu á Office pakkanum](#) er að finna á vef skólans.

Kennarar nota Kennsluvef til að setja inn gögn, útdeila verkefnum og gefa einkunnir. Opnað verður fyrir áfanga á Kennsluvef í síðasta lagi fyrsta kennsludag þann 7. janúar. Í fjarnámsáföngum eru almennt til staðar kennslumyndbönd um lykilatriði námsefnisins. Kennsluvefurinn er á www.kennsluvefur.is og er slóðina einnig að finna á vef skólans.

Notandanafn á Kennsluvef og Innu er kennitalan þín. Notandanafn inn á Office 365 er kennitala@fas.is. Þegar farið er inn á Innu þá velur þú þér lykilorð. Það lykilorð notar þú einnig á Kennsluvef og Office 365. Mikilvægt er að nota ekki Íslykil þegar þú skráir þig inn á Innu heldur einungis lykilorðið.

Í öllum áföngum er námsmappa sem nemendur fá sniðmát af í upphafi annar. Í henni á nemandinn að gera grein fyrir vinnu sinni, setja inn glósur og styttri verkefni, tilgreina fjölda tíma og ígrunda námsefnið. Námsmappan er aðalgagnið í lokmatsviðtali.

Í FAS eru áfangar án lokaprófs en í stað þess fara nemendur í lokamat sem fer fram með viðtali í lok annar. Gerð er krafa um að fjarnemendur mæti á þrjá myndfundi með kennara á önninni. Fundarboðið kemur í gegnum Skype á FAS-netfangið þitt. Vettvangur fyrir fjarnemendur til að hafa samskipti við kennara heitir Yammer og er á Kennsluvef.

Kennsluáætlanir er að finna á vef skólans. Þar er umfjöllun um skipulag náms og námsefni tilgreint. Mikilvægt er að nemendur kynni sér vel kennsluáætlanir við fyrstu hentugleika. Dagsetningar sem tengjast stundatöflu verða tilbúnar í byrjun annar og birtar á Kennsluvef.

Umsjónarkennari þinn er Agnes Heiða Þorsteinsdóttir. Netfang hennar er agnes@fas.is. Ef þú lendir í erfiðleikum með að komast inn á Innu eða Kennsluvef hafðu þá samband við Hildi Þórsdóttur áfangastjóra, hildur@fas.is.


Með ósk um að þér farnist vel í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu
Agnes Heiða Þorsteinsdóttir verkefnastjóri fjarnáms

Leiðbeiningar um Innu, Kennsluvef og Office pakkann

Þú ferð inn á www.fas.is Hægra megin á vefsíðunni er að finna eftirfarandi upplýsingar:

Hér ferðu
inn á Innu

Hérna ferðu inn
á Office 365



Hér er slóð á
Kennsluvef



FLÝTILEIÐIR

Eldri fréttir

Foreldrahandbók

Mætingareglur FAS

Myndir frá skólastarfinu

Vorönn 2018

Office 365 leiðbeiningar

 Skóladagatal

 Starfsfólk

Hér að finna
upplýsingar um
uppsetningu á
Office 365